

Ed.

276. Frumvarp til laga

[150. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 1971.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal ráðherra heimilt að ákveða, að tekið skuli tillit til þess við innheimtu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps, ef útsendingar til einstakra landshluta eða byggðarlaga eru ófullkomnar eða gæði þeirra ekki sambærileg við það sem eðlilegt má teljast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vitað er, að mjög víða býr fólk við alls ófullnægjandi skilyrði til að njóta útsendinga íslenska sjónvarpsins og sums staðar heyrast illa í hljóðvarpi enn þá.

Á svæði Gagnheiðarstöðvarinnar mun ástandið hvað verst. Þar hafa fallið út fleiri og færri dagar ár hvert og móttökuskilyrði sjónvarps víða afleið.

Austfirðingar hafa ætíð greitt fullt gjald fyrir þessa meingölluðu þjónustu.

Í vetur hefur keyrt um þverbak. Á Reyðarfirði mun sjónvarp t. d. hafa sést 5—6 daga á tímabilinu frá 10. des.—10. jan., þ. e. svo að eitthvert lag væri á.

Afleiðingar þessa eru þær, að nú hyggjast menn þar og víðar á Austurlandi neita að greiða afnotagjald á næsta gjalddaga. Svör frá forráðamönnum sjónvarpsins hafa verið á þá lund, að nánast hefur verið fullyrt, að menu gætu sjálfum sér um kennt að hafa yfirleitt keypt sér sjónvarpstæki þar eystra.

Vegna þessara atburða og svara þykir rétt, að ráðherra fái heimild til þess að taka af skarið, ef honum þykir einsýnt að veita verði afslátt af afnotagjaldi vegna óhæfra skilyrða.

Til þessa skortir skýra lagaheimild og því er lagafrumvarp þetta flutt.

Greinar frv. er óþarft að skýra frekar.